



Myndir frá árshátíð KSS 2018



## Pistill formanns KSH

Kæru vinir KSS & KSF,

Markmið KSH er „að sameina kristna stúdenta og skólanemendur til þess að styrkja og glæða trúarlíf þeirra“ sem og „að vinna aðra fyrir Jesúm Krist“. Þetta er verðugt markmið og þá sérstaklega í þjóðfélaginu í dag þar sem unga fólkið okkar verður fyrir stöðugu áreiti úr öllum áttum, einkum á samfélagsmiðlum. Því er mikilvægt fyrir okkur að halda uppi starfi félaganna, þar sem að við vísum á hið sanna ljós heimsins, Jesú Krist, og hvetjum yngri kynslóðirnar til þess að leyfa Honum að hafa mótandi áhrif á líf þeirra.

Síðastliðið ár var krefjandi í starfinu en það er þó rík ástæða til að vera þakklát og bjartsýn er við lítum fram á veginn. Starfsemi félaganna er á leið í rétta átt og hefur mætingin á KSS fundi farið úr 10-15 manns vorið 2017 yfir í að vera oft um og yfir 30 manns á nýliðnu ári. Þessir KSS-ingar hafa brennandi

áhuga á starfinu eins og sjá má á því að tæpur helmingur félagsins bauð sig fram til stjórnar KSS eða 14 félagsmenn.

Starf KSF er líka á uppleið og er ný fullmönnuð stjórn tekin við taumunum. Á síðasta ári var einungis bráðabirgðastjórn til staðar sem sá fyrst og fremst um að borga reikninga og þvíumlíkt og því frábært að vera með fullmannaða stjórn í ár. Sr. Ólafur Jón skólaprestur hélt uppi starfi stúdentafélagsins á þessu ári með Biblíuleshóp og nokkrum KSF fundum og á hann miklar þakkir skilið fyrir það góða verk sem hann vann þar sem og fyrir KSS.


Framtíðin er því björt en við þurfum samt að gæta okkar að sofna ekki á verðinum. Eins og margir hafa heyrt er fjárhagsstaða hreyfingarinnar í hættu og ef við náum ekki að rétta hana við, eru horfur á að ekki verði hægt að vera með starfsmann til að styðja við stjórnir félaganna og jafnvel

halda uppi starfinu þegar þörf er á eins og gerðist á liðnu ári. Í gegnum gjafakerfi hreyfingarinnar býðst tækifæri til að taka þátt í að styðja við félögin og munum við senn fara af stað með átak þar sem markmiðið er að fá 52 nýja einstaklinga inn í gjafakerfið.

Það er þó mikilvægt að hafa í huga að „ef Drottinn byggir ekki húsið erfiða smiðirnir til ónýtis“ (Sálm. 127:1). Biðjum því fyrir félögunum. Biðjum fyrir því að Drottinn fái að ráða för í öllu starfi þeirra og að í gegnum þetta dýrmæta starf megi trúarlíf kristinna stúdenta og skólanemenda styrkjast og glæðast, og að fleiri megi vinnast fyrir Jesúm Krist. Takk fyrir stuðning þinn við starfið kæri lesandi og megi Guð blessa þig.

Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, formaður KSH.





Jesús sagði við hann: „Ef þú getur! Sá getur allt sem trúir.“  
(Mark. 9:23)

Upphaldsvers Þórhildar Einarsdóttur, gjaldkera KSF

## Nýjar stjórnir félaganna

Aðalfundur KSS og KSF og ársþing KSH var haldið 21. apríl síðastliðinn þar sem nýjar stjórnir félaganna voru kosnar. Við bjóðum nýjar stjórnir velkomnar til starfa og þökkum jafnframt fráfarandi stjórnnum fyrir þeirra störf.



Nýkjörin stjórn KSS

### Stjórn KSS 2018-19

Ástráður Sigurðsson  
Benedikt Guðmundsson  
Fannar Logi Hannesson  
Kristinn Sigurðsson  
Salóme Pálsdóttir

### Stjórn KSF 2018-19

Bryndís Schram Reed  
Gunnhildur Einarsdóttir  
Hans Patrekur Hansson  
Matthías Guðmundsson  
Þórhildur Einarsdóttir

### Stjórn KSH 2018-19

Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson  
Henning Emil Magnússon  
Jón Kristinn Lárusson  
Bogi Benediktsson, varamaður  
Gísli Jónsson, varamaður  
Páll Ágúst Þórarinsson, fulltrúi KFUM & KFUK og KSH í stjórn KSS

## Markmið stjórnar KSH fyrir 2018-19

Á ársþingi KSH voru markmið stjórnar KSH fyrir komandi starfsár kynnt, en þau eru eftirfarandi:

1. Safna 2 millj.kr. til að loka gati 2018
2. Átak í gjafakerfinu: Fá 52 nýja gefendur á árinu.
3. Gefa út lítinn bækling með almennum upplýsingum um KSH og hvernig hægt sé að styrkja hreyfinguna.
4. Taka til í gagnagrunni KSH
5. Setja KSH skýra sýn og stefnu með markmiðasetningu 1, 3, og 10 ár fram í tímann. Til kynningar á ársþingi 2019.
6. Gefa út Tengil í byrjun júní og í prenti um miðjan desember.
7. Skilgreina skuldir KSH (406 þús.kr.) og lækka um 25%.
8. Bjóða nýrri stjórn KSS upp á þjálfun að vori.
9. Skilgreina hlutverk eldri fulltrúa og öldunga í félögunum.
10. Að kanna fýsileika þess að veita velunnurum KSH formlega aðkomu að ársþingi KSH.

Ef þið hafið áhuga á að taka þátt í að vinna að einhverju þessara markmiða, þá megið þið gjarnan hafa samband við Benjamín ([benjamin@ksh.is](mailto:benjamin@ksh.is)) eða sr. Ólaf Jón ([olafur.jon@ksh.is](mailto:olafur.jon@ksh.is)).

## Bænar og þakkarefni

### Bænarefni:

- Nýkjörnar stjórnir KSS, KSF og KSH
- Skólaprestur KSH
- Gjafakerfisáttak og fjárhagur félaganna
- Próf (einkum í framhaldsskólum)
- Sumarbúðir KFUM&KFUK
- Sveitastjórnarkosningar

### Þakkarefni:

- Velunnarar og sjálfboðaliðar starfsins
- Fráfarandi stjórnir KSS, KSF og KSH
- Skólaprestur KSH
- Aukin þátttaka í starfi félaganna
- Vel heppnað vorskólalót KSS



Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.  
(Sálm. 37:5)

Uppáhaldsvers Ástráðs Sigurðssonar, gjaldkera KSS

## Fréttir frá starfi KSS

Síðastliðinn mánuð eða svo hefur verið mikið að gera í starfi KSS, en vorskólalót, árs hátíð, aðalfundur og stjórnarskiptafundur hafa allir átt sér stað síðan frá marslokum.

Þar á undan, um bænadagana 28-31. mars, var vorskólalót KSS haldið í Vatnaskógi að venju. Þátttakendur mótsins voru 38 talsins og bar mótið yfirskriftina „Áætlun Guðs“. Ræðumenn mótsins voru þau Guðlaugur Gunnarsson, Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, Pétur Ragnhildarson og sr. Sveinn Alfreðsson og var þetta mjög uppörvandí og skemmtilegt mót. Það er gott að hugsa til þess að líkt og Guð hefur áætlun með hvert og eitt okkar þá hefur Guð einnig áætlun fyrir félögin og því mikilvægt að fela Drottni allt starfið, treysta Honum og því að Hann muni vel fyrir sjá.

Árs hátíð félagsins fór síðan fram 14. apríl síðastliðinn, og var haldin í sal Sambands íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK) að Háaleitisbraut 58-60. Þema árs hátíðarinnar í ár var *Hollywood* og voru 35 manns sem mættu.

Eins og fram kom fyrr í þessu tölublaði Tengils var aðalfundur félagsins haldinn 21. apríl. 28. apríl sá fráfarandi stjórn síðan um síðasta KSS fundinn sinn og 5. maí tók ný stjórn KSS við taumunum og óskum við henni góðs gengis og Guðs blessunar.

## Fjárhagsstaða og áttak KSH

Fjárhagsstaða KSH er ískyggileg um þessar mundir. KSH hefur verið rekið með tapi um langt skeið og mjög hefur verið gengið á sjóði hreyfingarinnar. Ástæðan er einföld. Fjáröflun hefur ekki staðið undir launakostnaði. En þess ber að geta að launakostnaður er aðal uppistaðan í útgjöldum KSH (ca. 90% 2017). Aðrir fastir stærri útgjaldaliðir hafa verið bókhaldsþjónusta, húsaleiga og prentun og póstlagning Tengils. En KSH greiðir enga húsaleigu nú fyrir skrifstofu sína hjá SÍK.

Á ársþingi KSH kom fram í ársreikningi að eignir félagsins hafi um síðustu áramót verið 2,8 millj.kr. en tap á árinu upp á 1,2 millj.kr. Ef tapreksturinn heldur áfram með sama móti verða sjóðirnir kláraðir snemma árs 2020. Fjárhagsáætlun stjórnar KSH gerir reyndar ráð fyrir 1,6 millj.kr. tapi árið 2018 m.a. vegna hækkandi launakostnaðar. Það er því ljóst að ráðast þarf í áttak í fjáröflun. Þess vegna hefur stjórn KSH sett sér að markmiði að safna 2 millj. kr. á árinu til þess að koma í veg fyrir tap og gott betur. Mikilvægasti þátturinn í þessu verkefni er að fá fleiri velunnara inn í gjafakerfið og búa þannig í hagin fyrir næstu ár. Stefnt er að fá 52 nýja gjafara inn í kerfið á árinu og bjóða þeim sem nú þegar gefa reglulega að hækka framlög sín. Þú, kæri lesandi, mátt því búast við símtali á næstunni!

Fjáröflun 2018

6,6 millj.kr.
6 millj.kr.
5 millj.kr.
4 millj.kr.
3 millj.kr.
Væntanlegt frá SÍK og R.prófestsdæmi eystra
2 millj.kr.
Gjafir einstaklinga
1 millj.kr.
Kristnisjóður

## Hvernig er hægt að styðja við KSH?

KSH hefur engar fastar tekjur og treystir á framlög velunnara félagsins og styrki frá prófestsdæmum og kristnisjóði. Hafir þú tók á því að styðja við starf KSH með reglulegum greiðslum er einfaldast að fylla út eyðublað á heimasíðu KSH eða hafa samband við skólalæst í s. 616-6152 eða olafur.jon@ksh.is. Hægt er að velja á milli þess að greiða með kreditkort eða greiðsluseðli. Margir valkostir eru í boði hvað varðar tíðni gjafa. Einnig getur þú sjálf/ur stillt endurtekna millifærslur til KSH á þínu svæði í heimabankanum. Engin upphæð er of smá því safnast þegar saman kemur.

**Reikningur KSH:** 0117-26-119105

**Kennitala:** 510479-0259

Kærar þakkir fyrir stuðninginn og Guð blessi ykkur!